



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 3/2006

Kvörtun Timeout.is sf. yfir notkun Netvísis ehf. á léninu timeout.is

I.

Erindið og málsatvik

1.

Í erindi, dags. 7. janúar 2005, kvartaði Timeout.is sf. til Samkeppnisstofnunar yfir notkun Netvísis ehf. á léninu timeout.is. Með vísan til 20., 21. og 25. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 (nú 5., 6. og 12. gr. laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins nr. 57/2005) krefst Timeout.is þess að gripið verði til aðgerða gegn Netvísi vegna óheimilar notkunar á vörumerkinu Time out.

Í erindinu kemur fram að Time out sé skrásett vörumerki nr. 995/2000, skv. umsókn frá júlí 1998. Upphaflegur eigandi vörumerkisins hafi framselt það Timeout.is. Fyrirtækið Netvísir hafi skráð lénið þann 30. janúar 2003. Þegar þáverandi eiganda vörumerkisins hafi orðið ljós skráning Netvísis á léninu hafi verið haft samband við fyrirtækið og þess krafist að lénið yrði afskráð. Síðast hafi afskráning verið ítrekuð 4. janúar 2005 en svar Netvísis hafi verið að endurnýja skráninguna daginn eftir. Upphaflega hafi lénið timeout.is verið notað til að vísa á lénið whatson.is [nú í eigu Heims hf.] sem sé í útgáfu- og auglýsingastarfsemi eins og Timeout.is ætli sér að starfa við og því ljóst að skráning Netvísis sé ætlað að skaða hagsmuni eiganda vörumerkisins.

Að mati Timeout.is brjóti notkun Netvísis á léninu timeout.is gegn 25. gr. samkeppnislaga (nú 12. gr. laga nr. 57/2005) sbr. ákvæði 20. og 21. gr. laganna (nú 5. og 6. gr. laga nr. 57/2005) þar sem ljóst sé að Netvísir hafi skráð vörumerki annars án heimildar.

2.

Erindi Timeout.is var sent Netvísi til umsagnar með bréfi dagsettu 12. janúar 2005 og er svar fyrirtækisins dagsett 10. febrúar 2005. Í svarinu kemur fram að Netvísir sérhæfi sig í markaðslausnum fyrir ferðaiðnaðinn og hafi frá stofnun byggt upp öfluga upplýsingamiðla, rafræna og prentaða, sem þjóni ferðaiðnaðinum. Markmið fyrirtækisins sé að bjóða fjölbætta þjónustu sem mæti kröfum ferðaskipuleggjenda á Íslandi. Netvísir reki nokkrar af stærstu landkynningarvefgáttum landsins þar sem sé



að finna handhægar og ítarlegar upplýsingar fyrir erlenda ferðamenn. Á vefsvæðunum sé að finna viðburðadagatal með upplýsingum um lista- og menningarviðburði, upplýsingar um hótél, gististaði, veitingahús o.fl. Lénið timeout.is sé mikilvægur hlekkur í markaðssetningu erlendis.

Skráning lénsins timeout.is í janúar 2003 hafi komið í kjölfar samvinnu við fyrirtækið Time Out Group Ltd. (timeout.com) sem sé eigandi eins stærsta landkynningarvefs Evrópu. Erlenda fyrirtækið hafi verið að skoða mögulega útgáfu undir heitinu Time Out in Reykjavík og sé það með einkaleyfi í Evrópu á prentuðum miðlum undir vörumerkinu TimeOut. Eigi einhver einkarétt á léninu timeout.is sé það Time Out Group Ltd. Ætli einhver sé útgáfu undir nafninu Time Out yrði það ávísun á lögsókn sbr. Kodak-regluna.

Í svari Netvísis kemur einnig fram að eigandi Timeout.is hafi í byrjun febrúar 2003 haft samband við fyrirtækið og óskað eftir að fá lénið til ráðstöfunar. Engin starfsemi, prentuð né rafræn hafi komið út. Að kvarta yfir notkun Netvísis á léninu skjóti því skökku við. Netvísir hafi leitað álits lögmanns á málinu og að mati hans eigi Netvísir fullan rétt á notkun lénsins. Þá hafi þær upplýsingar fengist frá Einkaleyfastofunni að vörumerkjarettur sé landsbundinn, þ.e. skráning á Íslandi veiti aðeins vernd hér á landi en ekki í öðrum ríkjum. Vert sé að benda á að Netvísir starfi í samvinnu við erlenda aðila að markaðssetningu á Íslandi með léninu timeout.is.

Þá er rakið að í erindi Timeout.is komi fram að félagið ætli sér að vera í auglýsingastarfsemi. Sótt hafi verið um skráningu Time out vörumerkisins árið 1998 en Netvísir viti ekki til þess að vörumerkið hafi verið notað í nokkurri starfsemi síðan. Samkvæmt upplýsingum frá Ferðamálaráði hafi enginn starfað við landkynningu hérlendis og notað til þess vörumerkið svo vitað sé. Þá hafi fjöldinn allur af fyrirtækjum verið skráð á kennitölu Timeout.is en núverandi eigandi hafi ekki komið til fyrr en í mars 2003, tveimur mánuðum eftir skráningu Netvísis á léninu. Vörumerkið Time out sé skráð í flokkum auglýsingastarfsemi, fræðslu og þjálfun (flokkar 35 og 41) en Netvísir starfi að ferðaþjónustu og prentuðu máli (flokkar 16 og 39).

Með vísan til framangreinds vísar Netvísir kvörtun Timeout.is algjörlega á bug.

3.

Með bréfi, dags. 21. febrúar 2005, sendi Samkeppnisstofnun svar Netvísis til umsagnar Timeout.is. Í símtali 12. apríl 2005 sagði forsvarsmaður Timeout.is starfsmanni Samkeppnisstofnunar að hann ætlaði ekki að tjá sig frekar í málinu. Með bréfi dagsettu 13. maí 2005 var málsaðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að fyrirsjáanlegar væru tafir á afgreiðslu málsins sökum mikils málafjölda í meðferð hjá stofnuninni. Með bréfi stofnunarinnar til málsaðila, dags. 30. júní 2005, var tilkynnt



að hinn 1. júlí 2005 tækju gildi lög nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins en þau svari til VI. kafla samkeppnislaga nr. 8/1993 sem sama dag falli úr gildi. Þá kom fram í bréfinu að Neytendastofa hefði eftirlit með lögunum og að málið flyttist til þeirrar stofnunar.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 31. október 2005, til Timeout.is var sökum tafa á afgreiðslu málsins óskað upplýst hvort enn væru upp óskir um að úrskurðað yrði í málinu. Kvartandi óskaði afgreiðslu og var það tilkynnt Netvísi. Með tölvupósti, sendum 8. maí 2006, var málsaðilum tilkynnt að niðurstaða myndi fljótlega liggja fyrir í málinu.

Við málsmeðferð kom í ljós að Timeout.is er ekki á virðisaukaskattsskrá og leitaði Neytendastofa upplýsinga hjá félaginu um hvort og þá hvaða starfsemi væri á vegum þess. Svar Timeout.is var að engin starfsemi væri á þess vegum og að beðið væri eftir afhendingu lénsins til að hefja starfsemi. Fyrirhugað sé að hefja útgáfu kynningarefnis um Ísland bæði á Netinu og á prenti.

Neytendastofa leitaði einnig upplýsinga hjá Netvísi um hvort einhver tengsl væru milli fyrirtækisins og Time Out Group. Að sögn fyrirtækisins er það ekki um formlegt samstarf að ræða. Time Out Group kaupir myndir og upplýsingar um Ísland af Netvísi. Netvísir fái síðan leyfi til að nota greinar frá þeim í sínum miðlum. Samskipti fyrirtækjanna séu léninu timeout.is óháð en Time Out Group viti af eignarhaldi þeirra á léninu og sé það afskiptalaust af þeirra hálfu. Það geti þó breyst færi Netvísir út í prentaða útgáfu. Lénið timeout.is sé notað til að fanga athygli erlendra ferðamanna og sé það markaðssett í gegnum lénið bcentral.com.

II.

Niðurstaða

Í máli þessu kvartar félagið Timeout.is yfir skráningu og notkun Netvísis á léninu timeout.is, með vísan til 20., 21. og 25. gr. samkeppnislaga sem í dag svarar til 5., 6. og 12. gr. laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, nr. 57/2005.

Timeout.is er sameignarfélag, skráð í firmaskrá og eigandi vörumerkisins Time out sem skráð var 1998. Á vegum Timeout.is fer ekki fram nein starfsemi sem að sögn forsvarsmanns félagsins er sökum þess að beðið sé eftir að fá lénið timeout.is afhent.

Netvísir skráði hið umdeilda lén í febrúar 2003 og í málsgögnum kemur fram að skráningin hafi komið til í kjölfar samvinnu við fyrirtækið Time Out Group Ltd. Lénið timeout.is vísar í dag inn á vefsvæði Netvísis með heitinu City Centre.



Í 5. gr. laga um óréttmæta viðskiptahætti kemur fram að óheimilt sé að hafast nokkuð það að sem brjóti í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi eins og þeir eru tíðkaðir eða eitthvað það sem óhæfilegt sé gagnvart hagsmunum neytenda. Ákvæðið er almenn vísiregla að því er varðar viðskiptasiðferði og er ætlað að stuðla að góðum síðum í viðskiptum. Í 6. gr. er með almennum hætti fjallað um að í auglýsingum eða með öðrum hætti megi ekki veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar enda séu upplýsingarnar til þess fallnar að hafa áhrif á eftirspurn. Þá skuli upplýsingarnar ekki vera ósanngjarnar gagnvart keppinautum eða neytendum. Einnig er vísað til 12. gr. laganna og hljóðar hún svo:

„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því um líkt, sem sá hefur ekki rétt til er notar, eða reka atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.“

Í greinargerð með frumvarpi til samkeppnislaga nr. 8/1993 kemur fram að í 25. gr. laganna (nú 12. gr. laga nr. 57/2005) felist almenn samkeppnisregla um vernd auðkenna og sé hún til fyllingar á vörumerkjavernd. Þá segir í greinargerðinni að í síðari málslið 25. gr. sé rétturinn til að nota eigin auðkenni takmarkaður á þann veg að óheimilt sé að nota auðkenni þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki noti með fullum rétti.

Báðir málsaðilar hafa skráð auðkenni sín með þar til bærum hætti. Timeout.is í firmaskrá og hjá Einkaleyfastofunni en Netvísir hefur skráð lénið timeout.is hjá Isnic. Að mati Neytendastofu koma því ákvæði 2. ml. 12. gr. til álita í máli þessu og ber þá að líta til þess hvort villst verði á málsaðilum.

Eins og fram hefur komið verður að vera ruglingshætta á milli a.m.k. tveggja fyrirtækja til þess að ákvæði 12. gr. laga um óréttmæta viðskiptahætti eigi við. Að mati Neytendastofu getur 12. gr. laganna ekki komið til álita í þessu máli þar sem ekki fæst séð að Timeout.is teljist vera starfandi fyrirtæki í skilningi laganna þar sem félagið stundar ekki atvinnurekstur þar sem verslað eða sýslað er gegn endurgjaldi sbr. 1. og 2. tl. 3. gr. laganna.

Með vísan til óbeinna tengsla Netvísir og Time Out Group þá fær Neytendastofa ekki séð að Netvísir hafi brotið gegn ákvæðum 5. gr. um góða viðskiptahætti eða 6. gr. um rangar, villandi eða ófullnægjandi upplýsingar.



Með vísan til framangreinds telur Neytendastofa ekki ástæðu til frekari afskipta af máli þessu.

III.
Ákvörðunarorð:

„Ekki er ástæða til aðgerða í máli þessu.“

Neytendastofa, 26. maí 2006

Máli þessu var áfrýjað, sjá úrskurð áfrýjunarnefndar neytendamála í [máli nr. 04/2006](#)